

4

14. jan.

12. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillag úr ríkissjóði, svo sem ákveðið er í 2. gr. laga nr. 50 17. maí 1947, eða eins og síðar kann að verða ákveðið í lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði.

13. gr.

Sýslunefndinni ber að hafa eftirlit með því, að sýsluvegunum sé ekki ofboðið með umferð, þegar svo stendur á, að þeim stendur stór hættu af þungum farartækjum. Getur oddviti sýslunefndar, í samráði við viðkomandi hreppsnefnd, og að fengnu samþykki vegamálastjóra, bannað bifreiðumferð þungra bifreiða um alla sýsluvegina eða einstaka kafla, ef vegir meyrna vegna þess að, klaka leysir úr þeim að vetrinum og á meðan þeir eru blautastir að vorinu. Ber þessa sérstaklega að gæta á nýlögðum vegum.

14. gr.

Gjöldum samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögtaksréttur.

15. gr.

Brot gegn samþykkt þessari og fyrirmælum sýslunefndaroddvita til verndar vegum, varðar allt að 200.00 króna sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með samþykkt þessari eru felld úr gildi, fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, öll eldri ákvæði um sýsluvegi, er koma í bága við samþykkt þessa. Sömuleiðis falla úr gildi samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 94 6. nóv. 1929, og samþykkt um breytingu á þeirri samþykkt, nr. 216 27. maí 1943.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. janúar 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

5

14. jan.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð 26. nóv. 1948, um B-flokk Happraðttisláns ríkissjóðs.

4. gr. 1. mgr. orðist svo:

Dregið skal um vinninga og þeim úthlutað tvisvar á ári, í fyrsta sinn 15. febrúar 1949, en síðan á hálfis árs fresti, 15. janúar og 15. júlí ár hvert, þar til lánið verður endurgreitt.

Fjármálaráðuneytið, 14. janúar 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.